

Lýðræði og forsetaræði

Eftir Ívar Jónsson

FYRIR okkur sem aðhyllumst frjálshyggju (e. Libertarianism) er umræðan um lýðræði á villigötum á Íslandi. Icesave-málið og nú síðast ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar forseta um að undirrita ekki enn einn Icesave-bandorminn er athyglisverð í þessu samhengi. Umhugsunarfrestur forsetans er sagður af lagaprófessorum valdastéttarinnar jaðra við stjórnarskrárbrót þrátt fyrir að engin tímamörk séu í stjórnarskrá. Formaður Sjálfstæðisflokksins krefst þess að hann skrifi ávallt undir lög sem Alþingi samþykkir þrátt fyrir að vald forsetans til að vísa lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu sé skráð í stjórnarskrá til þess að tryggja að löggjafinn starfi í samræmi við vilja almennings. Þessi afstaða sprettur af þeim misskilningi að þingræði og lýðræði sé eitt og hið sama.

Fullveldið í höndum einstaklinganna en ekki þingmanna

Lýðræðishugsun Vesturlanda byggir á aldagamalli hugsun John Locke og Thomas Jefferson sem gengu út frá því að fullveldið í samfélaginu eða hin æðstu völd séu í höndum einstaklinganna en ekki ríkis eða konunga. Þingmenn og ríkisstjórnir eru aðeins fulltrúar almennings og hafa völd um stundir sakir í umboði hans. Ef þessir aðilar bregðast trausti almennings hefur hann rétt til byltingar. John Locke skrifaði 1690 „... þar sem löggjafarvaldið byggist aðeins á umboði til að sinna ákveðnum markmiðum, þá hefur þjóðin enn hið æðsta vald til að setja löggjafarvaldið af eða breyta því ef henni þykir það hafa brugðist trausti sínu og ekki



Ívar Jónsson

starfa í samræmi við það umboð sem því var fengið. Því allt vald sem byggist á umboði ... takmarkast við þessi markmið þannig að vanræki valdhafinn þau eða vinni gegn þeim, þá hlýtur hann að glata traustinu sem honum var veitt. Við það flyst valdið aftur til þeirra sem veittu honum umboðið, og þeir geta þá ráðstafað því að nýju á þann hátt sem

þeir telja best tryggja öryggi sitt.“ (The Second Treatise of Civil Government, sjá <http://www.felagshyggja.net/Byltingarrettur.pdf>).

Það er augljóst að þegar 70% Íslendinga er hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin er ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn rúinn trausti almennings í þessu máli og eðlilegt hann afturkalli umboð þessara aðila. Þetta tryggði forsetinn með synjun sinni.

Þrískipting valdsins

Þrískipting valdsins er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alræði fámenns hóps eða stéttar í samfélaginu. Það er því álitnið nauðsynlegt að greina að löggjafar-, framkvæmda- og dómvald, um það eru allir sammála, en menn eru ósammála um hverskonar stjórnskipan tryggir best lýðræði. Valkostirnir eru annarsvegar þingræði og hinsvegar forsetaræði. Reynslan af þingræði á Íslandi er afar slæm séð frá sjónarhorni lýðræðis í anda frjálshyggju. Átökin um Icesave-frumvörpin drógu skýrt fram gallana á núverandi kerfi.

Ríkisstjórnin, þ.e. framkvæmdavaldið, böðluðu frumvörpum í gegnum Alþingi í skjóli foringjavalds og flokksaga þrátt fyrir að ekki væri meirihluti í byrjun fyrir frumvörpum þeirra. Síðastliðið sumar kom óvænt

» Reynslan af þingræði á Íslandi er afar slæm séð frá sjónarhorni lýðræðis í anda frjálshyggju.

sú staða upp að þingmenn settu framkvæmdavaldið í þá stöðu að þurfa að semja við þingið sem var óvenju sjálfstætt. Alþingi starfaði sem sé dálítið í þá veru sem goðsögnin um að þingræði sé besta lýðræðisformið gerir ráð fyrir. Almennur var afar ánægður með hina nýju stöðu enda virtist þingið hvorki vera leiksoppur framkvæmdavaldsins né fyrirtækja sem fjármagna pólitískt líf margra þeirra.

Forsetaræði er lýðræðislegur valkostur

Höfundar bandarísku stjórnarskrárinnar voru sér vel meðvitaðir um að rétt stjórnskipan væri lyklatríði til að tryggja að þrískipting valdsins haldi. Þeirra niðurstaða var forsetaræði sem í grundvallaratriðum virkar líkt og ástandið á Alþingi þegar lög in um fyrirvarana náðust í gegn. Í Bandaríkjunum er forsetinn kosinn beinni kosningu, ráðherrar og ráðuneytisstjórnir standa og falla með honum og hann þarf að semja við þingið um afdrif lagafrumvarpa sinna. Þingið semur og samþykkir lög landsins og dómstólarnir dæma eftir lögunum og túlka þau. Í forsetaræði getur ríkisstjórnin, þ.e. framkvæmdavaldið, ekki treyst á meirihluta þingmanna eða búið hann til með bolabrogðum því þingkosningar og forsetakosningar eru algerlega aðskýldar.

Í þeirri stjórnlagumræðu sem boðud er á þessu ári ætti útgangspunkturinn að vera frjálshyggju, forsetaræði og beint lýðræði.

Höfundur er þjóðfélagsfræðingur.